

Svar við erindi frá Umhverfis- og mannvirkjaráði Akureyrar c/o Jónas Valdimarsson
Sent 19. jan 2022

Sæll Jónas

Takk fyrir svarið og einnig fyrir að gefa okkur í Óshólmanefndinni kost á að koma með ábendingar svo snemma í ferlinu.

Það er auðséð að þið hafið mikinn metnað í áætlunum um þennan stíg við Leiruvegin í þá veru að gera hann eftirsóknarverðan fyrir fólk til að njóta útivistar. Þar sem þið eruð að leita eftir ábendingum viljum við í Óshólmanefndinni nefna eftirfarandi:

Öll leirusvæði á Íslandi eru á Náttúruminjaskrá vegna mikilvægis þeirra fyrir fuglalíf, þess vegna hlýtur þessi framkvæmd að vera a.m.k. tilkynningarskyld til Umhverfisstofnunar. Leirusvæðin hér við botn Eyjafjarðar eru einstök á landsvísu og hafa líka hátt verndargildi á heimsvísu. Því miður hefur verið gengið á varp- og fæðusvæði fugla hér á undanförmum árum og áratugum. Þar vega þýngst lenging flugbrautar og landfyllingar norðan flugstöðar sem hafa valdið verulegum skerðingum og enn er ekki komið í ljós hvort og þá hve mikið Skógarböðin væntanlegu koma til með að trufla fuglalíf, vonandi verður það í lágmarki.

Allt umrót á leirusvæðunum er óæskilegt. Þess vegna ætti, að okkar mati, ekki að fara í landfyllingu undir stíginn ef nokkur kostur er að komast hjá því. Einnig skiptir frágangur á vegöxlinni - kantinum að norðan - miklu máli. Aftur má nefna áður framkomnar efasemdir varðandi áningarstað niðri við fjöru við vesturenda Leirubrúar. Því minni truflun sem fuglar verða fyrir frá umferð um stíginn þeim mun ánægjulegri ætti upplifun fólks sem um hann fer að verða. Það er ótrúlega gaman að fylgjast þarna með fuglalífi allan ársins hring en þó sérstaklega á vormánuðum frá mars fram í lok maí og svo aftur síðla sumars og fram á haust. Útskot/áningarstaðir til að njóta þessa væru því æskilegri uppi á stignum en ekki niðri í fjörunni.

Sumarið 2020 fór fram fuglatalning á Óshólmasvæðinu á vegum Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar og ISAVIA. Í skýrslu sem gerð var koma fram ýmsar upplýsingar varðandi svæðið í heild. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar og væntanlega líka hjá Akureyrarbæ. Einn þeirra sem vann við talninguna er *Sverrir Thorstensen* en hann þekkir svæðið betur en flestir aðrir og myndi örugglega geta komið með góðar ábendingar ef eftir væri leitað.

Þessi stígur mun þjóna gangandi og hjólandi vegfarendum um langa framtíð. Það er því mikilvægt að þannig sé að framkvæmdum staðið að lífríkið beri ekki skaða af hvorki til skemmri eða lengri tíma. Þannig verður líka útivistargildi hans enn ánægjulegra. Við væntum þess að þið séuð á sömu skoðun. Þá skiptir líka máli að velja þann tíma til framkvæmda sem minnst truflar fuglalífið.

Með bestu kveðjum,
f.h. Óshólmanefndar

Emilía Baldursdóttir

Einnig sent sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar til kynningar